

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	_____
- 5. ágú. 2016	
_____	_____
Tilv.	

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 4. ágúst 2016
UST201607-006/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024 við Hamragarða og Seljalandsfoss

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 1. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings Eystra 2012 – 2024, við Hamragarða og Seljalandsfoss.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er um 90 ha og að afmarkað verður afþreyingar- og ferðamannasvæði við Hamragarða og Seljalandsfoss og legu Þórsmerkurvegjar breytt þar sem hann fer um svæðið.

Einnig kemur fram í greinargerð að annars vegar er um að ræða tillögu að breytingu á landnotkun við Hamragarða og Seljalandsfoss úr landbúnaðarsvæði og afþreyingar- og ferðamannasvæði í 90 ha afþreyingar- og ferðamannasvæði. Hins vegar er tillaga um breytingu á legu Þórsmerkurvegjar til vesturs að varnargarði Markarfljóts.

Umhverfisstofnun tekur undir að með tilfærslu á Þórsmerkurvegi skapast meira rými og áætlunin kemur til með að dreifa ferðamönnum meir um svæðið en nú er, og dregur þar af leiðandi úr of miklu álagi á einstaka hluta svæðisins.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áætlanir um færslu Þórsmerkurvegjar á ofangreindu svæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmd og lega bílastæða og framkvæmdir við þjónustumiðstöð verði útfærð af kostgæfni. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að ofangreindar framkvæmdir falli vel að umhverfinu og þess verði gætt að ekki verði neikvæð áhrif af ásynd svæðisins séð frá þjóðvegi 1.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Sverrir Adalsteinn Jónsson
Sérfræðingur